

## **161. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 16. september 2008, kl. 11:00 á Hótel Selfossi**

Mætt: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

### **1. Söfnun pappírs og endurvinnanlegra efna.**

Nýir tímar eru framundan í úrgangsméðhöndlun. Sveitarfélögum á Íslandi ber lögum samkvæmt að endurskipuleggja sína úrgangsméðhöndlun og ná nýjum markmiðum í endurnýtingu, endurvinnslu og hvernig ákveðnum úrgangstegundum er ráðstafað. Heildarkostnaður vegna úrgangsméðhöndlunar mun vaxa í framtíðinni.

Nýlega afstaðið útboð Sorpstöðvar Suðurlands byggði á því meginmarkmiði sveitarfélaganna að uppfylla lagalegar skyldur sínar, skapa aðstæður til nútímalegrar méðhöndlunar úrgangs, ná auknum árangri í flokkun með því að bæta aðstöðu íbúa til flokkunar og auka vitund íbúa um umhverfisvernd. Áhersla hefur verið lögð á samræmdar aðferðir og stærri lausnir til að auka árangur og hagkvæmni. Þessum markmiðum var talið vænlegast að ná með samstarfi sveitarfélaga á starfssvæði SOS.

Niðurstaða útboðsins var því miður yfir viðmiðum og væntingum um hagkvæmni og þar af leiðandi hafnaði stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. framkomnum tilboðum. Til frekari útskýringa þá var horft sérstaklega á kostnað vegna losunar á 240 lítra tunnu en sá liður vegur þyngst í útboðinu (boðin einingarverð eru 703 kr. og 1.255 kr. per eina losun) og hún borin saman við þekkt einingarverð vegna hirðu á 240 lítra sorptunnu, en einingarverð á losun 240 lítra sorptunnu er frá rúmum 200 kr. til 350 kr. Í ljósi þessarar niðurstöðu þá virðast ekki aðstæður til að sveitarfélögin geti gert sameiginlegan heildarsamning um endurvinnslutunnuna.

Þar sem vilji sveitarfélaga er til að auka flokkun og endurvinnslu og halda áfram söfnun endurvinnanlegra efna, og lagaskyldan liggur fyrir, þá leggur stjórn SOS ríka áherslu á að sveitarfélög á starfssvæðinu samræmi aðferðir sínar í þessu mikilvæga verkefni um flokkun úrgangs.

Stjórnin SOS hvetur því til eftirfarandi aðgerða:

Sveitarfélögin á starfssvæðinu sameinist um verkefni sem beri heitið “bláa tunnan”. Verkefnið felist í því að komið verði fyrir söfnunarílatum með samræmdu útliti, gráar plast tunnur með bláu loki og bláir grenndargámar. Söfnunarílatin séu einungis fyrir flokkaðan úrgang sem fyrst í stað verði pappír og pappaubúðir.

Sveitarfélögin geri annað tveggja, að semja hvert fyrir sig við þjónustuaðila um hirðuna eða að framkvæma hana sjálf.

Mikilvægt er að flokkun sorps og endurvinnanlegra efna birtist íbúum með skýrum og einföldum hætti, þ.e. að flokkunarkerfið sé eins á sem flestum svæðum. Ef sveitarfélögin setja upp mismunandi flokkunarkerfi sem ná til sömu úrgangsflokkanna er veruleg hætt á að gæði flokkunar minnki og misskilningur skapist um hvernig flokka skuli. Þetta mun leiða til aukins kostnaðar og minni ánægju íbúa sem aftur leiðir til þess að íbúar sjá ekki hag í því að flokka úrgang og endurnýtanleg efni.

Framkvæmdastjóri SOS mun veita sveitarstjórnnum á starfssvæðinu frekari upplýsingar og ráðgjöf varðandi þetta verkefni.

**2. Förgun ehf.**

Framkvæmdastjóri upplýsti um gang mála og undirbúinn félgsfundur þar sem tekin verður ákvörðun um aukið hlutafjárframlag Sorpstöðvar Suðurlands í Förgun ehf.

**3. Umhleðslustöð.**

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu málsins en komnar eru fyrstu drög

**4. Gas.**

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við Metan um mælingar, tilraunaboranir og úrvinnslu mælinga

Ekki fleira gert og fundi lokið kl 12:00